

Bæjarstjórn - 1932

FUNDARBOÐ

**1932. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, þriðjudaginn 21.
maí 2024 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2405502 - Framtíðarstaðsetning skotípróttá, tilnefning í starfshóp

Lagt fram erindi frá SSH.

Tilnefning í starfshóp um framtíðarstaðsetningu skotípróttá.

2. 1809463 - Öldungaráð

5.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 14.maí sl.

Reglur öldungaráðs lagðar fram til afgreiðslu.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Fjölskylduráð samþykkir að vísa drögum að reglum/erindisbréfi fyrir Öldungaráð Hafnarfjarðar til umræðu og umsagnar hjá Öldungaráði. Umsögn Öldungaráðs liggja fyrir á næsta fundi Fjölskylduráðs.

Greinargerð:

Á fundi Fjölskylduráðs þann 19. mars sl. samþykkti Fjölskylduráð að vísa drögum að nýjum reglum fyrir Öldungaráð til umsagnar hjá Öldungaráði. Umsögn Öldungaráðs var lögð fram á síðasta fundi Fjölskylduráðs þann 30. apríl. Í henni komu fram ýmsar athugasemdir Öldungaráðs við drögin eins og þau lágu fyrir þá. Breytingar hafa verið gerðar á drögunum síðan til að koma til móts við athugasemdir Öldungaráðs. En til þess að skapa sem mesta sátt um þessar breytingar telur Samfylkingin rétt að fyrirbyggjandi drög fái kynningu í Öldungaráði að það veit umsögn um þau.

Tillaga Samfylkingarinnar er felld með atkvæðum meirihluta Fjölskylduráðs enda hefur víðtækt samráð átt sér stað við Öldungaráð varðandi vinnslu málsins.

Meirihluti Fjölskylduráðs samþykkir fyrir sitt leyti erindisbréf um Öldungarráð og vísar því áfram til bæjarstjórnar til samþykktar.

Meirihluti Fjölskylduráð þakkar Öldungarráði fyrir umsögn sína á breytingum á reglum um Öldungaráð. Við vinnslu erindisbréfs var unnið eftir athugasemdum sem bárust í umsögn frá Öldungarráði.

Fulltrúar Samfylkingarinnar sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar furða sig á því að meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks skuli hafna tillögu Samfylkingarinnar um samráð við Öldungaráð vegna málsins. Í umsögn Öldungaráðs frá 9. apríl komu fram ýmsar athugasemdir við þau drög að erindisbréfi sem lágu fyrir þá og það hefði verið í anda virks samráðs að vísa þeim drögum að erindisbréfi, sem liggja fyrir núna, aftur til umsagnar hjá Öldungarráði. Það hefði verið til þess fallið að skapa sem mesta sátt um þessar breytingar og fulltrúar Samfylkingarinnar harma að meirihlutinn hafi hafnað þessari tillögu okkar um samráð við Öldungaráð og við sitjum því hjá við afgreiðslu málsins.

3. 2202583 - Reglur um leikskólavist

7.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 15.maí sl.

Lögð fram tillaga að breytingu á reglum um leikskólavist.

Fræðsluráð samþykkir breytingar á reglum um leikskólavist og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

4. 2405410 - Lántaka 2024

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.maí sl.

Heimild til lántöku á árinu 2024. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir heimild til lántöku eins og kemur fram í framlögðu minnisblaði.

Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi bókun:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir hér með að heimila Hafnarfjarðarbæ, kt: 590169-7579, að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að 3.867 m.kr. og Húsnæðisskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar, kt. 570790-1029, að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að 133 m.kr. Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2024 er heimild til lántöku Hafnarfjarðarbæjar allt að 4.000 m.kr. Lántakan getur verið í láni í skuldabréfaflokknum Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. LSS 39, LSS 55, LSS 40 GB og LSS 29 GB og hefur bæjarstjórn kynnt sér skilmála skuldabréfaflokkanna eins og þeir koma fyrir á heimasíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. Bæjarstjórn samþykkir að til tryggingar lánunum (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum sveitarfélagsins á árinu 2024, s.s. eins og knatthúsi við Ásvelli, reiðhöll við Sörlastaði, leikskóla í Hamranesi, gatnagerð í nýju hverfi sveitarfélagsins, Áslandi 4 og nýjum félagslegum íbúðum en þessi verkefni fela í sér að hafa almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Rósu Guðbjartsdóttur, bæjarstjóra Hafnarfjarðar, kt. 291165-3899, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hafnarfjarðarbæjar og Húsnæðisskrifstofu

Hafnarfjarðarbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Bæjarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:
Bæjarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar samþykkja lántökuheimildina, enda ráð fyrir henni gert í samþykktri fjárhagsáætlun bæjarins fyrir 2024, sem bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar sátu hjá við. Fulltrúar jafnaðarmanna vekja athygli á að allar stærstu framkvæmdir bæjarfélagsins, svo sem knatthús Hauka, reiðskemma Sörla, nýr leikskóli í Hamranesi og gatnargerðarframkvæmdir, eru kostaðar með lánsfé, eins og raunar meðfylgjandi minnisblað fjármálastjóra greinir réttilega frá. Þetta undirstrikar enn frekar réttmæti gagnrýni jafnaðarmanna, sem hafa ítrekað bent á þessa staðreynd og lausatök meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks við stjórn bæjarins. En þetta er veruleikinn og í því ljósi munu fulltrúar Samfylkingarinnar ekki standa í vegi fyrir nauðsynlegri og óhjákvæmilegri lántöku bæjarins.

5. 2405257 - Straumhella 17, umsókn um lóð

7.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.maí sl.

Vaki byggingarfélag ehf, sækir um atvinnuhúsalóðina nr. 17 við Straumhelli.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóð nr. 17 við Straumhelli til Vaka byggingarfélags ehf.

Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

6. 2405258 - Axlarás 23, umsókn um lóð

8.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.maí sl.

Lögð fram umsókn Sigurbjörns Björnssonar og Elísabetu Kolbeinsdóttur um lóðina nr. 23 við Axlarás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóð nr. 23 við Axlarás til Sigurbjörns Björnssonar og Elísabetu Kolbeinsdóttur. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

7. 2405259 - Hryggjarás 20, umsókn um lóð

9.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.maí sl.

Lögð fram umsókn Daníels Karlssonar um lóðina nr. 20 við Hryggjarás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóð nr. 20 við Hryggjarás til Daníels Karlssonar. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

8. 2404956 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting Hellnahraun 1

1.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 16.maí sl.

Lögð fram tillaga um að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin snýr að stækkun iðnaðarsvæðis. Óbyggt svæði norður af I3/Hellnahrauni 1. áfanga.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna stækkunar iðnaðarsvæðisins 1.

áfanga Hellnahrauns og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn. Sigurjón Ingvason áheyrnarfulltrúi Viðreisnar bókar: Með vísan til 9. gr. sbr. 30. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar er lagt til að liðir 1-4 verði teknir af dagskrá eða frestað þar sem engin gögn fylgdu fundarboði.

9. 2404954 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting Lindarhvammur OP9 Óla Run tún

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 16.maí sl.
Lögð fram tillaga um að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin snýr að breytttri landnotkun OP9 Óla Run tún/Lindarhvammur.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna breyttrar landnotkunar og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

Sigurjón Ingvason áheyrnarfulltrúi Viðreisnar bókar: Með vísan til 9. gr. sbr. 30. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar er lagt til að liðir 1-4 verði teknir af dagskrá eða frestað þar sem engin gögn fylgdu fundarboði. Fulltrúar Samfylkingarinnar ítreka bókun sína frá 8. september, 2022, um þetta sama mál þar sem segir:

Fulltrúar Samfylkingarinnar ítreka mikilvægi grænna svæða í Hafnarfirði sem stuðla að bættri lýðheilsu, útivist og gæðum byggðar. Með nýrri byggð á Óseyrarsvæði mun íbúum svæðisins fjölga og um leið eykst þörfin eftir grænum svæðum. Samfylkingin leggur til að stofnaður verði starfshópur sem skoði möguleika umræddra svæða í samráði við íbúa Hafnarfjarðar og aðra hagaðila. Starfshópurinn skoði tvo valkosti: útivistarsvæði og sambland að útivistarsvæði og íbúðabyggð en sérstaklega hvernig styrkja megi svæðin með gróðri, leiksvæðum og aðstöðu til útivistar. Starfshópurinn skili niðurstöðum sínum fyrir lok árs.

10. 2405130 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting S13, Sólvangur

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 16.maí sl.

Lögð fram tillaga um að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin snýr að breytttri landnotkun S13, á hluta Sólvangssvæðis, í íbúðarsvæði.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna breyttrar landnotkunar og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

Sigurjón Ingvason áheyrnarfulltrúi Viðreisnar bókar: Með vísan til 9. gr. sbr. 30. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar er lagt til að liðir 1-4 verði teknir af dagskrá eða frestað þar sem engin gögn fylgdu fundarboði.

11. 2405291 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting Skarðshlíð

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 16.maí sl.

Lögð fram tillaga um að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin snýr að fjölgun íbúða.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að hafin verði vinna við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna fjölgunar eigna og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

Sigurjón Ingvason áheyrnarfulltrúi Viðreisnar bókar: Með vísan til 9. gr. sbr. 30. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar er lagt til að liðir 1-4 verði teknir af dagskrá eða frestað þar sem engin gögn fylgdu fundarboði.

Fundargerðir

12. 2401143 - Fundargerðir 2024, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð fræðsluráðs frá 15.maí sl.

a. Fundargerðir íprótta- og tómstundanefndar frá 24. apríl og 7.maí sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 14.maí sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 15.maí sl.

a. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 2.,5. og 29.apríl sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 16.maí sl.

Fundargerðir bæjarráðs frá 10. og 16. maí sl.

a. Fundargerð heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness frá 29.apríl sl.

b. Fundargerðir samtaka orkusveitarfélaga frá 31.mars og 8.apríl sl.

c. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 19.apríl sl.

d. Fundargerð stjórnar SSH frá 6.maí sl.

e. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 2. og 29. apríl sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 17.maí sl.

17.05.2024

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri